# HLUTI 4: NOTKUN VANNÝTTS FISKMETIS TIL FRAMLEIÐSLU GÆLUDÝRAFÓÐURS

Lærdómur úr raunheimum

Málsrannsóknir um MARIPET og Vannýtt Fiskmeti Árangurssögur

# Málsrannsókn 1: BrottkastsLaus Verkefnið

Málsrannsókn frá Danmörku, greint í rannsókn frá Balıkesir University, Turkiye

# Málsrannsókn Yfirlit

## Lýsing

**BrottkastsLaus (e. DiscardLess)** er gert til að takast á við áskoranir og tækifæri samhliða því að læra og innleiða róttæka nýja stjórnunaraðferð. Með því að setja BrottkastsLaus inn í stefnumótun mun það verða í fremstu röð í skráningu sögu grundvallarbreytinga í evrópskri fiskveiðistjórnun.

## Greining (tilteknir starfshættir hluta)

Hlutinn miðar að því að nota vannýtt fiskmeti til að framleiða BARF fyrir gæludýr. Meginmark-miðið er að draga úr brottkasti elds til að vernda sjálfbærar fiskveiðar. BrottkastsLaus verk-efnið miðar að því að draga úr brottkasti fisks.



## Kostir

BrottkastsLaus mun veita þekkingu, verkfæri og aðferðir sem þarf til að draga úr brottkasti í evrópskum sjávarútvegi. Til að ná þessu mun BrottkastsLaus vinna með samstarfi milli vísindamanna, hagsmunaaðila og stefnumótandi aðila til að styðja og stuðla að hagnýtum, framkvæman-legum, ásættanlegum og hagkvæmum aðferðum til að draga úr brottkasti, og til að gera löndunarskyldu ESB virka, trúverðuga og lögmæta.

## Vankantar

-Vísindaleg rit,

-Vísindaspjöld og kynningar,

-Afhending, miðlar (myndbönd, fréttabréf og gagnlegir tenglar)

# Lýsing á Málsrannsókninni

BrottkastsLaus Verkefnið

- „Áætlanir um hægfara útrýmingu brottkasts í evrópskum fiskveiðum“ – BrottkastsLaus verkefnið er Horizon 2020 – rammaáætlun um rannsóknir og nýsköpun sem styrkt er af framkvæmdastjórn Evrópu. Umsjón hefur National Institute of Aquatic Resources, Tækniháskólinn í Danmörku (DTU Aqua). Í verkefnahópnum eru 31 samstarfsaðili frá 12 löndum.
- BrottkastsLaus hjálpar til við að útvega þekkingu, verkfæri og tækni sem og þátttöku hagsmunaaðila til að ná hægfara útrýmingu brottkasts.
- Verulegar framfarir umfram nýjustu tækni munu nást á öllum verkþáttum, á meðan viðurkennt er að vísindagrundvöllur brottkasts mun halda áfram að stækka hratt.




Mynd 1. BrottkastsLaus Verkefnið

Verkefnið skiptist í 8 verkþætti. Níu viðeigandi tilviksrannsóknir voru valdar til að rannsaka af BrottkastsLaus

# Ítarlegar hlutasértækar aðferðir greindar

BrottkastsLaus hjálpar til við að útvega þekkingu, tól og tækni sem og þátttöku hagsmunaaðila til að ná rólega en örugglega að útrýma brottkasti. Evrópskar fiskveiðar eiga að starfa án þess að stunda brottkast. Þetta markmið hefur komið skýrt fram hjá bæði Evrópusambandinu (ESB) og öðrum fiskveiðiþjóðum í Evrópu, ásamt þeim heildaráformum að draga úr umhverfisáhrifum samfélaga. Hlutinn miðar að því að nota vannýtt fiskmeti til að framleiða BARF fóður fyrir gæludýr. Meginmarkmiðið er að draga úr brottkasti fiskveiða til að vernda sjálfbærar fiskveiðar. Sértækar aðferðirnar ná óbeint yfir markmið rannsóknarinnar.

# Hverjir eru kostir MARIPET?

FAO áætlar að heildarfiskframleiðsla sé um 179 milljónir tonna árið 2018 og að um 88% af því magni hafi verið nýtt beint til manneldis og afgangurinn (12%) sagður notaður í "matarótengdum tilgangi" eða beinn "úrgangur". Minnkun meðafla og brottkasts er mikilvægt mál fyrir stjórn fiskveiða. Ekki aðeins vegna vistfræðilegra áhrifa á líffræðilegan fjölbreytileika heldur einnig vegna efnahagslegs tjóns sem er gríðarlega hörmulegt vandamál um allan heim. Endurbætt sameiginleg fiskveiðistefna krefst þess að sjávarútvegur sem starfar í ESB komi öllum lönduðum afla aftur að landi. Til þess er stefnt að því að veita fræðslu um möguleika þess að nota þær fiskafurðir sem fleygt er sem gæludýrafóður með því að koma því í land.

MARIPET Verkefnið stefnir á að skapa vitund um nauðsyn þess að draga úr brottkasti og einnig nota brottkastsafurðir af fiskveiðum í gæludýrafóður sem BARF.

# Umhverfis- og efnahagsáhrif

1. Minnka brottkast til að viðhalda fiskistofnum og auka skilning á áhrifum löndunarskyldunnar á helstu fiskistofna og vistkerfi sjávar.

2. Spila lykilhlutverk við að fylla í þekkingareyður og fylgjast með raunverulegum breytingum á efnahagslegri arðsemi og í viðhorfum og sýn hagsmunaaðila.

3. Greina bestu leiðir við mat á starfsvenjum sem  þykja árangursríkastar

4. Veita og samþætta þekkingu sem skiptir máli fyrir farsæla og brottkastslausa fiskveiðistjórnun í Evrópu

# Tilvísanir:

- National Institute of Aquatic Resources, Technical University of Denmark (DTU Aqua), Denmark, and project consortium includes 31 partners from 12 countries

# Gagnlegar upplýsingar:

- Vefur: http://www.discardless.eu/

Tengt efni þessarar málsrannsóknar hefur verið greint úr opinberum upplýsingum sem birtar eru af eigendum efnisins (http://www.discardless.eu/).

Fyrirvari:
Stuðningur framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins við gerð þessa rits felur ekki í sér stuðning við innihaldið sem endurspeglar aðeins skoðanir höfunda og framkvæmdastjórnin getur ekki borið ábyrgð á hvers kyns notkun sem kann að vera gerð á upplýsingum sem þar er að finna.

# Málsrannsókn 2. Sancho Pancho

Málsrannsókn frá Portúgal, greint úr rannsóknum frá Háskólanum í Balıkesir, Tyrklandi

# Yfirlit Málsrannsóknar

## Lýsing

Sancho Pancho er lítið fyrirtæki sem breytir afgangspörtum af ferskum fiski í hundanasl og hefur aðsetur í Lisbon, Portúgal.

## Greining (tilteknir starfshættir hluta)

Hlutinn miðar að því að nota vannýtt fiskmeti sem fargað er til að framleiða BARF fyrir gæludýr. Meginmarkmiðið er að draga úr brottkasti við fiskveiðar til að vernda sjálfbærar fiskveiðar. Sancho Pancho er lítið fyrirtæki sem breytir afgangspörtum úr ferskum fiski í hundanasl og framleiðir litlar smákökur úr ákveðinni tegund af hvítfiski.



## Kostir

“Hryggjarstykkið, sporður, brúnir, hliðar, hlutinn kringum magann, sumir hlutar fisksins sem eru harðari, sem hafa aukið magn trefja og roð líka, við notum þetta ekki. Þessi 30 til 40 prósent sem myndu fara til spillis, við endurnýtum það í gegnum Sancho Pancho“.
Snarl sem búið er til úr laxaroði er ríkt af omega 3 lýsi, sem er gagnlegt til að halda húð og skinn gæludýra eins og hunda og katta heilbrigðum.

## Vankantar

30% til 40% fisks sem fer til spillis, Sancho Pancho vill nýta hann. Lágmörkun á sóun matar fyrir árið 2030 er ein af áherslum Sameinuðu þjóðanna, sjá Sustainable Development Goals. Goal 14 felur einnig í sér sjálfbæra stjórnun sjávarlífs. “Saving the Oceans and Protecting the Future” eru kjörorð Sameinuðu Þjóðanna.

# Lýsing á Málsrannsóknninni

Sancho Pancho

- Sancho Pancho er lítið fyrirtæki sem breytir afgangspörtum af ferskum fiski í hundanasl og hefur aðsetur í Lisbon, Portúgal.

- Á hverjum degi er hent kílóum og kílóum af fiskhausum, beini og roði í ruslið, en frú Demidenko hefur gjörbylt nálguninni á slíka matarsóun með því að ganga í samstarf við Sekai Sushi Bar, japanskan veitingastað í miðbæ Santos.

- Á hverjum degi fær veitingahúsið um 10 kíló af laxi, túnfiski og hvítfiski. Sushi kokkar hreinsa og undirbúa fiskinn fljótt, þar á meðal góðgæti eins og þriggja kílóa krókari (e. croaker) sem veiddur er rétt við portúgölsku ströndina.

- Eigandi Sekai, Edilson Neves, útskýrði fyrir UN News að að meðaltali gæti veitingastaðurinn ekki notað 30 prósent af fiskinum. Hryggjarstykkið, sporður, brúnir, hliðar, hlutinn kringum magann, sumir hlutar fisksins sem eru harðari, sem hafa aukið magn trefja og roð líka, við notum þetta ekki. Þessi 30 til 40 prósent sem myndu fara til spillis, við endurnýtum það í gegnum *Sancho Pancho*".

- "Þessar smákökur eru búnar til úr þessari tegund hvítfisks, sem við eldum fyrst og myljum svo, þannig að beinin hafa miklu sléttari áferð," sagði hún okkur og benti á eitt af hundanaslinu.




Mynd 1. Sancho Pancho fisknasl fyrir gæludýr

Stofnandi Sancho Pancho segir að henni hafi þegar tekist að vekja viðskiptavini til meðvitundar um vandamálin af völdum matarsóunar. „Sumir viðskiptavinir hafa sagt okkur að þau séu að læra af okkur og fari nú á fiskmarkaði og til slátrara hér í Portúgal og taki núna líka matarúrgang heim sjálf. Þau elda ekki til snarl til sölu, en þau ná að útbúa mat fyrir hundana sína, ketti eða sig sjálf.“

# Nákvæmar starfsaðferðir fyrir hlutann tilgreindar

Þessi málsrannsókn er um baráttu gegn matarsóun með því að nota vannýtt fiskmeti í hollt nasl fyrir gæludýr. Það er nýstárlegt frumkvöðlastarf í nýtingu fiskúrgangs til að framleiða gæludýrafóður.

Hlutinn miðar að því að nota vannýtt fiskmeti frá sjávarútvegi til að framleiða BARF fyrir gæludýr. Sértækar starfsvenjur einingarinnar ná óbeint yfir markmið rannsóknarinnar.

# Hvað ávinnst með tilkomu MARIPET?

MARIPET var stofnað vegna þess að vinnsla vannýtts fiskmetis í gæludýrafóður er nánast nýtt viðfangsefni og þarfnast nokkurra starfsstétta þar sem um þverfaglegt verkefni er að ræða. Meginþema MARIPET felur í sér fleiri en eitt virðiskeðjuskref frá sjávarumhverfi til gæludýrafóðurverksmiðju og hvert einasta skref getur skipt sköpum. Með útfærslu verkefnisins, sem stofnað var með þverfaglegu sjónarhorni, næst árangur í að stuðla að vistfræðilegri og efnahagslegri sjálfbærni fæðustofna. Nýstárlegasti þátturinn í verkefninu er að það býr til fyrstu starfsþjálfunarnámskrána um framleiðslu á BARF fyrir gæludýr úr fleygðu sjávarfangi.

Þessi málsrannsókn miðar að því að berjast gegn matarsóun með því að nota vannýtt fiskmeti í að framleiða hollt nasl fyrir gæludýr. Það er nýstárlegt frumkvöðlastarf í nýtingu fiskúrgangs í framleiðslu gæludýrafóðurs. Módelið felur í sér annað gæludýrafóður, BARF, framleiðslu sem nýtir vannýtt fiskmeti. Málsrannsóknin getur komið til gagns við að efla MARIPET verkefnið.

# Umhverfis- og efnahagsáhrif

1. 30% til 40% fiskmetis sem fer til spillis, Sancho Pancho hefur unnið í að þróa vörur sem unnar eru úr þessum vannýtta hluta.

2. Lágmörkun á sóun matar fyrir árið 2030 er ein af áherslum Sameinuðu þjóðanna, sjá Sustainable Development Goals. Goal 14 felur einnig í sér sjálfbæra stjórnun sjávarlífs. "Saving the Oceans and Protecting the Future" eru kjörorð Sameinuðu Þjóðanna.

3. Sancho Pancho, lítið fyrirtæki sem breytir afgangsparti af ferskum fiski í hundanasl

4. Þetta framtak er ekki aðeins í iðnaðar mælikvarða, heldur einnig lítil dæmi um hvernig draga má úr fisksóun til að viðhalda fæðuframboði.

# Tilvísanir:


- UN News/Leda Letra, 3 June 2022 *Author. (year). Title. Available at: https://news.un.org/en/story/2022/06/1119482*


# Nytsamlegar upplýsingar:

- Website: *https://news.un.org/en/story/2022/06/1119482*

Efni þessarar málsrannsóknar hefur verið tekið samanúr opinberum upplýsingum sem birtar eru af eigendum efnisins (*https://news.un.org/en/story/2022/06/1119482*.


Fyrirvari:
Stuðningur framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins við gerð þessa rits felur ekki í sér stuðning við innihaldið sem endurspeglar aðeins skoðanir höfunda þess og framkvæmdastjórnin getur ekki borið ábyrgð á hvers kyns notkun sem kann að vera gerð á upplýsingum sem í því er að finna.